

Eystrahorn

13. tbl. 38. árgangur

Fimmtudagurinn 2. apríl 2020

www.eystrahorn.is

Starfsemi sveitarfélagsins skert á meðan Covid-19 faraldurinn gengur yfir



Sveitarfélagið Hornafjörður fer ekki varhluta af faraldurinum Covid-19 eins og flest önnur samfélög. Samkvæmt ráðleggingum sóttvarnarlæknis og Almannahefanna hefur þurft að loka eða skerða þjónustu sveitarfélagsins. Ýmsum aðgerðum er beitt til að draga úr hraða og fjölda smita og til að vernda áhættuhópa. Þær stofnanir sem hafa skert þjónustu sína eru:

Afgreiðsla Ráðhúss sveitarfélagsins verður lokað. Símsvörðun er óbreytt og er íbúum bent á rafrænar gáttir, íbúagátt, heimasíðu og tölvupóst á afgreidsla@hornafjordur.is.

Fundir í ráðhúsinu með utan aðkomandi í húsnaðinu eru ekki heimilir, notast verður við fjarfundarbúnað og símafundi. Nefndarfundir eru haldnir í fjarfundi.

Reynt er að halda skólահaldi óskertu, foreldrar eru beðnir að koma ekki í skólana. Yngri börnin eru í fullum skóla og eru þeim kenndar allar greinar í bekkjastofum þeirra, íþróttagreinar falla niður en kennt er úti ef veður leyfir. Bekkjadeildir frá 6.-10 bekk mæta í skólann annan hvern dag og fara heim í hádeginu, skv. skipulagi sem unnið hefur verið.

Kátakot lokar tímabundið fyrir 3. og 4. bekk, 1. og 2. bekkur fá lengri viðveru en eru í sínum bekkjarstofum og blandast ekki við aðra bekki. Gjöld falla niður hjá þeim sem ekki eru í lengri

viðveru.

Leikskólinn hefur biðlað til forráðamanna sem hafa tök á, að halda börnunum sínum heima á meðan faraldurinn gengur yfir. Varðandi gjaldskrá leikskóla og Kátakots falla gjöld niður hjá þeim sem taka börnin sín úr vistun.

Foreldrar eru beðnir um að fara að gát og koma ekki inn á deildir heldur einungis fara inn í fataklefa og gæta að 2 m fjarlægðarreglunni. Ráðstafanir eru gerðar með útiveru, börnin fara einungis út með sinni deild og er garðinum skipt upp í þrjú svæði. Leikskólanum er lokað kl. 15:00 á daginn til að gefa starfsfólki tíma til að sóttthreinsa leikföng, borð, stóla og aðra snertifleti.

Félagsmiðstöðin Þrykkjan er lokað.

Sindrabæ er eingöngu haldið opnu sem skólահúsnaði fyrir Tónskólann, allir einkatímar eru óbreyttir og kennsla í tónfræði helst óbreytt. Lúðrasveitaræfingar falla niður ásamt öllu tónleikahaldi. Aðgangur annarra en starfsmanna og nemandar er ekki leyfður. Sundlaug og íþróttamannvirkjum hefur verið lokað, það á einnig við um **Bárúna** og **Reiðhöllina við Stekkhól**. Þeir sem eru með hesta í Reiðhöllinni mega koma og sinna hestum sínum.

Meningarmiðstöð Hornafjarðar söfnin og bókasafnið eru lokað nánari upplýsingar á fésbókarsíðu Menningarmiðstöðvarinnar.

Heilsugæslustöðin beinir því til fólks

að nýta sér vefinn heilsuvera.is til lyfjaendurnýjunar eins og unnt er. Reynt verður að leysa erindi skjólstaðinga símleiðis. Þeir sem koma á heilsugæsluna eiga að staldra sem styst við og ekki koma með aðstandendur.

Heimsóknir á Hjúkrunarheimilið Skjólgarð eru ekki heimilrar, reynt er að hafa samband við aðstandendur í gegnum myndskilaboð.

Hjá málefnum fatlaðra er Selið lokað og boðið er upp á "þjónustan heim" allir fá sendan mat heim, aukin innlit og starfsmenn leggjast á eitt að halda góðu sambandi símleiðis, boðið er upp á ökuferðir fyrir einn þjónustunotanda í einu.

Öllum viðburðum á vegum sveitarfélagsins verður frestað. Stofnanir sveitarfélagsins loka fyrir utan aðkomandi heimsóknir eftir því sem hægt er. Starfsmenn á stofnunum skipta sér í stöðvar/hólf, þeir sem eiga vaktaskipti hittast ekki til að halda öryggi og starfsemi sveitarfélagsins gangandi að öðru leyti.

Unnið er að útfærslu vegna niðurfellingu á gjöldum eða frestun á gjalddögum hjá sveitarfélaginu í samræmi við tilmæli stjórnvalda. Höldum uppi forvörnum, fylgjum fyrirmælum hvað varðar handþvott og annað hreinlæti og virðum samkomubannið.

Athugið að næsta blað kemur út miðvikudaginn 8. apríl, skilafrestur fyrir efni og auglýsingar er fyrir kl. 14:00 mánudaginn 6. apríl



Bifreiðaskoðun á Höfn 14., 15. og 16. apríl.

Tímamantanir í síma 570-9090
fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 8. apríl.
Næsta skoðun 11., 12., og 13. maí.

Frumherji

Þegar vel er skoðað



Myndvinnsla, umbrot og auglýsingagerð.

Hafðu samband:

tjorvi@upplausn.is

eða í síma 848-3933.

Múrfeðgar

Getum bætt við okkur verkefnum.
Getum tekið að okkur fræslingu fyrir
gólftitalagnir. Leitið tilboða.

Ingvar S: 863-7745,

Snæbjörn S: 867-2882

Vildaráskrift Eystrahorns

*Við viljum hvetja lesendur Eystrahorns að kynna sér
vildaráskriftina.*

Þeir sem vilja styrkja útgáfuna geta greitt frjálst framlag,
svokallaða vildaráskrift inn á reikning útgáfunnar. Hægt
er að greiða áskriftina t.d. mánaðarlega, nokkra mánuði í
einu eða eins og hentar hverjum og einum. Vildaráskriftin
er frjálst framlag t.d. 1000 kr. á mánuði.

HLS ehf.

Rnr. 537-26-55002

kt.500210-2490



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófaralestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litaprent

ISSN 1670-4126

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



HREYFING OG SVEFN

Við sem erum orðin fullorðin verðum að huga
að því í þessum aðstæðum hvernig við getum
með góðu móti hreyft okkur bæði innan
heimilisins og utan. Á heimilinu er gott að fara
í morgunleikfimina kl. 09:45 á morgnana á RÁS
1. Einnig gera þær æfingar sem þið kunnið frá
leikfimitímum hjá Valgerði. Ef þið hafið tök á að
fara út þá er gott að ganga á tartanbrautinni á
Sindravöllum og eins nota göngustígana. Gott
að hafa með sér stafi. Ef ykkur vantar þá eru
þeir til í Ekru. Má hafa samband við undirritaðan
í síma 897-8885. Líka er gott að taka lagið.
Ef þið getið farið á Youtube og slegið inn í
leitarrammann "Ekrubandið" sem spilar lög sem
þið þekkið öll.

Einnig er nægur svefn gulls ígildi 7-8 tímar á
nóttu.

Hafið það sem allra best og gætið fyllstu
varúðar!

p.s. Valgerður ætlar að smella einhverju góðum
hreyfingaráminningum á fésbókin okkar!

Kv. Haukur Helgi

HÚSNÆÐI ÓSKAST

Einstæður faðir með þrjú börn óskar eftir 4-5
herbergja íbúð eða húsi til leigu sem fyrst.

Skilvísium greiðslum heitið.

Vinsamlegast hafið samband.

Hafsteinn Ísaksen, s: 760-3720 eða
hafsteinn@martolvan.is

HÚSNÆÐI ÓSKAST

ÍSTAK HF. leitar að **húsnæði/
sumarbústað** til leigu í
Suðursveit eða á Höfn,
3 herbergja eða stærra óskast.

Nánari upplýsingar í síma:
897-6337 eða hjalmur@istak.is

ÍSTAK

Matarauður Suðurlands

Matarauður Suðurlands er nýtt matartengt verkefni hjá Markaðsstofu Suðurlands unnið í samvinnu við Matarauð Íslands.

„Við erum að greina landshlutann út frá nokkrum mataráttavítum og draga þannig fram þau hráefni sem framleitt er á hverju svæði eða er nýtt í matvælaframleiðslu ásamt helstu matarhefðum innan viðkomandi ríðis. Ef fólk hefur skemmtilegar sögur um matarhefðir á sínu svæði má endilega heyra í okkur“ Segir Helga sem er yfir verkefninu.

Stefnt er á að halda vinnustofur með matreiðslumönnum í maí ef aðstæður leyfa og fara í hugmyndavinnu við nýsköpun og vörupróun í matvælaframleiðslu og nýtingu hráefnis.

„Markmiðið er að endingu að búa til góðan efnis- og myndabanka sem aðstoðar matreiðslufólk við að draga fram og kynna allt það sem matarauður Suðurlands hefur upp á að bjóða, allt frá framleiðslu til framreiðslu.“

Suðurland er auðugt að fjölbreyttu hráefni, hvort sem er af sjó eða landi og mun verkefnið ekki aðeins styrkja stóðir undir ferðaþjónustuna heldur einnig landbúnaðinn og sjávarútveginn.

„Með því að draga enn betur fram þær matarhefðir sem eru og hafa verið á Suðurlandi ásamt því að kortleggja þá matvælaframleiðslu sem á sér stað á Suðurlandi verður komin heildræn mynd yfir þann fjölbreytileika matarauðs sem þessi stóri landshluti hefur upp á að bjóða. Út frá því verður hægt að vinna meira og markvissara í vörupróun og nýsköpun í matvælaframleiðslu sem og ímyndaruppbyggingu svæðisins.“

Fyrir áhugasama og þá sem vilja senda sögur um mat og svæðisbundnar matarhefðir á Suðurlandi má hafa samband við Helgu Lucie tengilið verkefnis á helga@south.is



Sofðu vel
heilsunnar vegna

HúsgagnaVal
Húsgögn og gjafavörur

Memory Deluxe

Svæðiskennt þrýstjöfnunardýna
sem veitir fullkominn stuðning.

Hágæða sjó svæðiskennt heilsudýna
sem styður rétt við líkamann

Cool Memory efnablandan aðlagast
líkamunum og gefur betri öndun.
Góð þrygging og réttur stuðningur
tryggir betra blóðflæði og þú færð dýpri
og betri svefn. Öll verð eru með og fótum

Svefn & heilsa

★★★★★

Úrval af rúmum og dýnum,
sama verð og í Reykjavík.
Frír flutningur um óákveðinn tíma,
gott að nýta tækifærið
Verið velkomin

Opið frá kl. 13-18 virka daga
478-2535 / 898-3664



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Nýtt símanúmer á Höfn
432-2900

Frá og með 1. apríl 2020
fær Heilsugæslan á Höfn ný símanúmer.

Eldri númer verða lögð niður
en símsvari mun leiðbeina og
upplýsa um nýja aðalnúmerið.

Nánari upplýsingar á www.hsu.is

Manstu eftir taupokanum?

POKASTÖÐIN
Hornafjörður - Iceland

Heilsugæslan og sjúkraflutningar á Höfn færast yfir til HSU

Heilbrigðisráðherra hefur falið Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) að taka við ábyrgð og rekstri heilbrigðisþjónustu á Höfn í Hornafirði. Yfirfærsla á rekstri heilsugæslunnar og sjúkraflutninga mun taka gildi frá og með 1. apríl n.k.



Íbúar á svæðinu munu ekki finna fyrir þessum breytingum þar sem þjónustan verður óbreytt en vakin er athygli á að símanúmer breytast. Nýtt aðalnúmer heilsugæslu HSU á Höfn verður 432-2900. Ef hringt er í gömlu númerin koma fram skilaboð um nýja símanúmerið. Jafnframt eru að finna upplýsingar um þessar breytingar á heimasíðu HSU. Áfram skal hringt í 112 sé um slys eða alvarleg veikindi að ræða og 1700 númerið gildir fyrir allt landið áfram.

Framkvæmdastjórn HSU fagnar því að nú er heilsugæslan og sjúkraflutningar á Höfn formlega orðin hluti af Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Við hlökkum til samstarfsins og erum bjartsýn á að þessar breytingar muni verða til góða bæði fyrir starfsmenn og íbúa á Höfn í Hornafirði.

*Díana Óskarsdóttir,
Forstjóri HSU*



KR. 29,- LJÓSMYNDIN

Nú eru margir því miður fastir heima bæði í vinnu og að gæta barna sinna eða bara að passa upp á sig sjálfa/nn. Við ætlum að leggja okkar að mörkum á þessum einkennilegu tímum og bjóða þeim sem það vilja að senda á okkur stafrænar myndir næstu vikunnar á kr. 29. pr. ljósmýnd ef það eru 100 myndir eða meira í pöntun.

Verðið stendur amk til 14. apríl n.k og þá tökum við stöðuna upp á nýtt.

Reynum að njóta og vera góð við hvert annað.

HANS PETERSEN

Engu gleymt í 100 ár

www.hanspetersen.is

Að bregða sér hvorki við sár né bana

Mikið var úr gert þegar Bandaríkjaforsetinn, í nýlegu ávarpi til þjóðar sinnar helguðu krónuvírus svokölluðum, sagði svo: „Fólk er að deyja sem aldrei fyrr“ – (eða: People are dying like never before).

Það þýðir víst ekkert lengur að leita að kvótinu á netinu, alt-sannleikadeild Bandaríkjanna hefur þegar grafið það í umsvifamiklum reykmekki – svo sem flestum föstum orðasamböndum og líkingum sé saman ruglað.

Mér fannst þetta nú langtífrá það alvarlegasta sem frá mannum hefur komið, og frekar til eftirbreytni og virðingar að færa ýkjástilinn inn á þenna ólíklega vettvang ræðu og upplýsingagjafar. Sjálfur var ég með nýja bók Jóns Þ. Þórs í höndunum: *Vikinga og væringja* sem rifjaði upp þessa sigildu lýsingu á kappanum Gunnari Hámundarsyni að „...sögðu það allir menn að hann brygði sér hvorki við sár né við bana.“

Kann það við einhvern kaun að koma að brigsla Bandaríkjaforseta um víkingaaldar tilsvargáfu og kaldhæðni, en það verður samt að viðurkennast að maðurinn ýkir gjarna. Það er allt stórt og mest, og met og aldrei eins á byggðu bóli og sv frv – höfum við þá frekar valið að bera manninn saman við barn sem hefur ekki enn haft ástæðu til að marka, eða sætta sig við að það verða að vera, skil milli fantasíu og veruleika.

Ekki vildi ég samt vera sá sem tekur upp hanskan fyrir höfðingja þenna – en svo fylgdist ég með sjónvarps pistli Nikitu Sergeevitsj Mihalkov á Vesti.ru og fékk þar hina rússnesku sýn á þá sérstöku daga sem við lifum, öh, þessa dagana. Varð þá samhengið ennum skarpara.

Hann sagði margt en mest var lagt út af orðum heimspekingsins (sem einnig hafa verið editeruð og altsannleikuð til að helgast tilgangi hverju sinni) Ívans Aleksandróvitsjar Ilíns: „*Gildi þess að lifa og trúá ræðst af því hversu viljug við erum að berjast og deyja fyrir það; þar eð dauðinn er hinn sanni og æðsti mælikvarði á allt lífsins inntak.*“ (úr bókinni Vegur andlegrar endurnýjunar).


M.ö.o. lífið er eingöngu einhvers virði ef þú ert tilbúin að deyja fyrir það.

Þetta er að vísu ekki alveg samanburðarhæft við skrökið í fornönnum um hreysti sína og getur, og Rússar hafa alveg góða og sérstaka ástæðu til að þykjast eiga tilkall til þeirrar iðju að deyja fyrir lífið. En þversögnin inniberandi kallast á vissan hátt við það að „*deyja sem aldrei fyrr*“.

Það er líka hægt að ýkja í hina áttina, hampa fálæti og ládeyðu og gera sem allra minnst úr öllu. Sbr lýsingu Snorra Sturlusonar í Heimskringlu á Halldóri Snorrasynti; „...at hann hafir verit þeirra manna með honum. er sízt brygði við váveifliga hluti, hvárt er þar var mannháski eða fagnaðartíðendi, eða hvað sem at hendi kom í háska, þá var hann eigi gládari og eigi ógládari. Eigi svaf hann meira né minna eða drakk eða neytti matar, en svá sem vandí hans var til.“ (hér tekið úr bók Jóns Þ. Þórs).

Góðar stundir og reynum öll bara að lifa sem lengst.

*Gísli Magnússon
bókavörður*



Brynja Dögg ráðin umhverfis- og skipulagsstjóri

Brynja Dögg Ingólfsdóttir var ráðinn umhverfis- og skipulagsstjóri sveitarfélagsins eftir ráðningaferli hjá Capacent.

Brynja Dögg hefur tekið til starfa sem umhverfis- og skipulagsstjóri hjá Sveitarfélaginu Hornafirði. Brynja hefur lokið BSc í umhverfisskipulagi frá Landbúnaðarháskóla Íslands og er að ljúka mastersnámi í skipulagsfræðum við sama háskóla.



Auk þess hefur Brynja lokið einu ári í landupplýsingakerfum við Háskólann í Lundi í Svíþjóð.

Síðustu 13 ár hefur Brynja starfað við skipulagsgerð, umhverfismat áætla og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda hjá EFLU og Landform.

Brynja hefur í starfi sínu öðlast viðtæka reynslu af skipulagsmálum í gegnum skipulagsvinnu fyrir ólík sveitarfélög og fyrirtæki ásamt góðri þekkingu á laga- og stjórnsýsluumhverfinu sem unnið er eftir í skipulags-, umhverfismats- og leyfismálum. Þá er hún einnig vel að sér í umhverfismálum og mati á umhverfisáhrifum bæði í gegnum nám og störf.

Brynja tók til starfa 1. mars og bjóðum við hana velkomna til starfa.

Klósettið er ekki ruslafata



Blaut- og sóttþreinsklútar stífla lagnirnar, hættum að henda þeim í klósettið! Við bendum sérstaklega á að þótt sumir framleiðendur taki fram á umbúðunum að blautþurrkurnar þeirra megi fara í klósettið þá er það ekki rétt.

Við viljum biðja íbúa að passa að nota ekki klósettin sem ruslafötur. Allir blautklútar eiga heima í tunnu fyrir almennt sorp hvort sem þeir eru notaðir á andlit og líkama eða til þrifa og sóttþreinsunar.

Starfsmenn hafa orðið varir við aukið magn blautklúta í fráveitunni á Höfn og í Nesjum en slíkt skapar álag í kerfinu og getur valdið stíflum og/eða bilunum á dælum og öðrum búnaði.

Stöndum saman um að halda innviðunum okkar í góðu lagi.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Útboð



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Hornafjörður

veiliðan fyrir alla

Sveitarfélagið Hornafjörður óskar eftir tilboðum í verkið „Vöruhúsið, Hafnarbraut 30 miðstöð skapandi greina – mars 2020“ eins og því er lýst í útboðsgögnum. Hér er um almennt útboð að ræða og lítur þeim reglum sem um það gilda.

Lauslegt yfirlit yfir verkið

Fyrirhugaðar eru heildar endurbætur á Vöruhúsinu sem verður gert í áföngum.

Búnir eru 3 áfangar í verkinu.

1. áfangi var endurbætur af hluta kjallara. Véla og málmsmíði og félagsmiðstöð
2. áfangi var endurbætur utanhúss ásamt byggingu nýrra anddyra
3. áfangi fólst að mestu í endurbótum innanhúss á allri miðhæðinni.
4. áfangi felst að mestu í endurbótum á efstu hæð ásamt frágangi loftræstíherbergi og salerni í kjallara.

Helstu verkþættir eru:

Flest allir innveggir og niðurbætur loft ásamt öllum lögnum er í þeim er, gólfefnum, ljósum og öðrum lögnum í loftum er rífið og fargað samkvæmt rifaplani.

Allt innandyra verður svo endurinnréttað á þessu svæði í húsinu samkvæmt viðeigandi teikningum/verklýsingum hönnuða.

Nýir léttir veggir, innréttingar, ný lofta- og gólfefni samkvæmt teikningum. Nýjar lagnir þ.e. fráveita, hita- og neysluvatn, loftræstilagnir og raflagnir. Viðgerðir/endurmálun Formuð lyftugöng innandyra fyrir nýja hjólastólalýftu.

Vettvangskönnun á verkstað

Vettvangskönnun verður haldin með tilboðsgjöfum eftir óskum. Nákvæm tímasetning og fyrirkomulag vettvangskönnunar verður skv. samkomulagi aðila. Þjóðendur eru hvattir til að mæta í vettvangskönnun og kynna sér aðstæður á verkstað.

Hægt að fá útboðsgögnin send án endurgjalds með því að senda tölvupóst á bjorni@hornafjordur.is og óska eftir því að fá send útboðsgögn í verkið „Vöruhúsið, Hafnarbraut 30 miðstöð skapandi greina – mars 2020“. Þá verður sendur hlekkur til baka á þann stað sem hægt verður að sækja gögnin rafrænt. Vinsamlegast takið fram í viðfangsefni pósts „Vöruhús gögn“.

Tilboðsgjafar skulu vera búnir að skila inn tilboði eigi síðar en **mánudaginn 20. apríl 2020 kl. 14:00**. er þau verða opnuð samtímis í viðurvist þeirra þjóðenda sem óska eftir að vera viðstaddir. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Tilboð eru bindandi í 5 vikur frá opnunardegi.

Nánari upplýsingar veitir:

Björn Imsland, bjorni@hornafjordur.is, sími 470-8014 eða 894-8413
Brynja Dögg Ingólfsdóttir, brynja@hornafjordur.is, sími 470-8003



ALLT FYRIR PÁSKANA Í NETTÓ!

Nautalund
Danish Crown

2.999 KR/KG
ÁÐUR: 4.999 KR/KG

 **-40%**



Wellington
Nautalund

5.999 KR/KG
ÁÐUR: 9.998 KR/KG



-40%

Humar
1 kg skelbrot

2.859 KR/PK
ÁÐUR: 4.399 KR/PK



-30%

Mango
Fersk

269 KR/KG
ÁÐUR: 538 KR/KG




-50%

Hamborgarhryggur

1.199 KR/KG
ÁÐUR: 1.598 KR/KG

KJÖTSEL



-25%

Bayonne skinka

1.199 KR/KG
ÁÐUR: 1.999 KR/KG

KJÖTSEL



-40%

Kalkúnabringur

3.149 KR/KG
ÁÐUR: 4.499 KR/KG



-30%

Gordon Bleu
Eldaður

699 KR/PK
ÁÐUR: 999 KR/PK



-30%

MIKIÐ ÚRVAL AF PÁSKAEGGJUM!



Tilboðin gilda 2. - 13. apríl

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

nettó

Lægra verð - léttari innkaup